

Fundargerð

16. fundur svæðisráðs um gerð strandsvæðisskipulags á Austfjörðum.

28. nóvember 2022 klukkan 14:00, fjarfundur

Mætt:

Magnús Jóhannesson (MJ), formaður svæðisráðs stýrði fundi.

Aðrir fulltrúar svæðisráðs: Ásta Þorleifsdóttir (ÁÞ), Eydís Ásbjörnsdóttir (EÁ), Freydís Vigfúsdóttir (FV), Gauti Jóhannesson (GJ), Hreinn Hrafnkelsson (HH), Jón Björn Hákonarson (JBH) og Elfa Hlín Pétursdóttir (EHP). Einnig sat fundinn Hjalti Jón Guðmundson, varamaður FV.

Skúli Kristinn Skúlason frá Matvælaráðuneytinu var einnig viðstaddur fundinn.

Frá Skipulagsstofnun: Ester Anna Ármannsdóttir (EAA), Hrafnkell Á. Proppé (HÁP) og Guðrún Jensdóttir (GJd), sem ritaði fundargerð.

MJ setti fund og gengið var til dagskrár.

Dagskrá fundar:

1. Tillögur Skipulagsstofnunar um viðbrögð við framkomnum athugasemdum.

Farið var yfir eftirstandandi atriði af tillögum Skipulagsstofnunar um viðbrögð við framkomnum athugasemdum sem ekki náðist að fara yfir á síðasta fundi svæðisráðs. Til umfjöllunar voru helst fyrirbyggjandi tillögur starfshóps innviðaráðherra um öryggi siglinga og hvaða áhrif þær kunna að hafa á viðbrögð við innsendum athugasemdum varðandi siglingar.

Fulltrúi matvælaráðuneytisins lagði fram eftir farandi bókun um ofangreint efnisatriði:

„Matvælaráðuneytið óskar þess að neðangreint verði fært til bókunar vegna aukafundar svæðisráðs Austfjarða um siglingar, dags. 28.11.22.

Samkvæmt 2. mgr. 13. gr. laga um skipulag haf- og strandsvæða er svæðisráði heimilt með samþykki innviðaráðherra að fresta gerð strandsvæðaskipulags fyrir ákveðið svæði innan strandsvæðisins ef óvissa ríkir um atriði sem haft geta veruleg áhrif á framkvæmd skipulagsins.

Að mati matvælaráðuneytisins er til staðar óvissa um útfærslu mótvægisáðgerða sem að starfshópur Vegagerðarinnar og Samgöngustofu lögðu til. Ljóst þarf að vera í hvaða mótvægisáðgerðir eigi að ráðast á hverju svæði fyrir sig, hvenær það skuli gert og hver beri kostnaðinn af slíkum áðgerðum. Greiða þyrfti úr þeirri óvissu áður viðkomandi staðbundnir nýtingareitir verða staðfestir í strandsvæðaskipulagi. Eigi fyrr verða komnar forsendur fyrir því að hægt sé að skipuleggja svæðin svo framkvæmanleg séu með góðu móti.

Með vísunar til framangreinds og áður nefndrar 2. mgr. 13. gr. laga um skipulag haf- og strandsvæða leggur matvælaráðuneytið til að frestað verði gerð strandsvæðaskipulags fyrir eftirfarandi reiti:

Seyðisfjörður: SN1*1;

Reyðarfjörður: SN6, SN7, SN8, SN10, SN11;

Fáskrúðsfjörður: SN12, SN13, SN14;

Handwritten signatures and initials on the right side of the page, including names like MJ, GJ, HH, JBH, EHP, and others.

Berufjörður: SN16.

Ráðuneytið telur að óvissa sé til staðar um mótvægisáðgerðir vegna framangreindra reita sem geti haft veruleg áhrif á framkvæmd skipulagsins. Birtist þetta með ólíkum hætti eftir því um hvort um er að ræða svæði þar sem rekstrarleyfi til fiskeldis hefur verið gefið út eða er í umsóknarferli.

Um svæði með gildandi leyfi:

Ef strandsvæðaskipulag verður samþykkt samkvæmt auglýstri tillögu þá eru ofangreind svæði, sem hafa að geyma gildandi leyfi, ýmist innan hvíts ljósgeira vita og/eða innan hefðbundinnar siglingaleiðar. Þannig yrðu útgefin rekstrarleyfi í andstöðu við strandsvæðaskipulagið. Í 1. mgr. 8. gr. laga um skipulag haf- og strandsvæða, segir aftur á móti að leyfi fyrir framkvæmdum eða annarri starfsemi skuli samræmast gildandi strandsvæðisskipulagi, sé það fyrir hendi.

Það er ekki fyrr en ráðist verður í framkvæmd mótvægisáðgerðanna, sem starfshópurinn lagði til, að tiltekin svæði verða í samræmi við skipulagið. Fyrir þann tíma mun ríkja veruleg óvissa um framkvæmd skipulagsins og lagalega réttarstöðu. Í hversu langan tíma mega leyfin vera í andstöðu við strandsvæðaskipulag? Hvenær verður farið í mótvægisáðgerðir svo leyfi verði í samræmi við strandsvæðaskipulag? Hver ber ábyrgð á að framfylgja tilgreindum mótvægisáðgerðum? Hver ber kostnað af mótvægisáðgerðunum?

Í öllu falli og með hliðsjón af ofangreindu þarf að fá svör við framangreindum spurningum. Það er afstaða matvælaráðuneytisins að þau svör þurfi að liggja fyrir áður en strandsvæðaskipulag er staðfest í heild sinni.

Um svæði þar sem umsóknir eru í leyfisveitingaferli:

Ef strandsvæðaskipulag verður samþykkt samkvæmt auglýstri tillögu þá er ofangreint svæði, sem hefur að geyma umsókn í leyfisveitingaferli, innan hvíts ljósgeira vita. Við afgreiðslu slíkra leyfisumsókna mun Matvælastofnun (MAST) þurfa að gæta þess að fyrirhuguð starfsemi samræmist skipulagi samkvæmt lögum um skipulag haf- og strandsvæða.

Ef skipulagið verður aftur á móti ekki samþykkt mun MAST eftir sem áður þurfa að gæta að lögum um vitamál nr. 132/1999 við afgreiðslu umsóknanna.

*Stjörnumerkt svæði er leyfi í umsóknaferli.“

2. Önnur mál

Formaður svæðisráðs lagði til að næsti fundur svæðisráðs yrði haldinn 6. desember í Reykjavík. Ítrekað er að á þeim fundi fari fram atkvæðagreiðsla um samþykki á strandsvæðisskipulagi Austfjarða skv. 13. gr. laga nr. 88/2018.


Fleira var ekki gert, fundi var slitið klukkan 16:00

Handwritten signature

Handwritten signature

Handwritten signatures and initials


Undirritun fulltrúa svæðisráðs vegna fundargerðar 16. fundar



Magnús Jóhannesson



Ásta Þorleifsdóttir




Eydís Ásbjörnsdóttir



Gauti Jóhannesson




Hreinn Hrafnkelsson



Jón Björn Hákonarson



Elfa Hlín Pétursdóttir



Hjalti Jón Guðmundson